



Árshlutauppgjör 1F 2023

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

25. apríl 2023








Rekstur



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	1F			
	2023	2022	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.298	6.093	205	3,4%
Kostnaðarverð sölu	(4.155)	(3.762)	(393)	10,4%
Rekstrarkostnaður	(1.825)	(1.757)	(68)	3,9%
EBIT	318	574	(256)	-44,6%
Hrein fjármagnsgjöld	(1)	92	(93)	-101,1%
Tekjuskattur	(71)	(113)	42	-37,2%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	246	553	(307)	-55,5%
Aflögð starfsemi	0	193	(193)	-100,0%
Hagnaður tímabils	246	746	(500)	-67,0%
EBITDA	1.315	1.327	(12)	-0,9%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,07	0,08	(0,01)	-12,5%



Fjórðungurinn





- Væntingar um tekjuvöxt að skila sér á 1F
 - 10% vöxtur í sjónvarpi á milli ára
 - Gagnaflutningstekjur aukast um tæp 6%
 - Farsímatekjur aukast um ríflega 7%
- EBITDA nánast óbreytt á milli ára
 - Ánægjuleg niðurstaða í ljósi verðbólgu- og gengisþróunar auk talsverðra launahækkana á milli ára.
- Rekstrarhagnaður lækkar tímabundið líkt og var fyrir séð vegna mikilla fjárfestinga í sjónvarpsefni og tækni sem munu styðja við tekjuvöxt Símans
- Vaxtatekjur hærri en vaxtakostnaður
 - Velgengi Pay að hluta ástæða hækkandi vaxtatekna

* EBITDA og EBIT í myndum eru án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.



Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	1F			
	2023	2022	Breyting	%
Farsími	1.513	1.413	100	7,1%
Talsími	279	378	-99	-26,2%
Gagnaflutningur	1.966	1.858	108	5,8%
Sjónvarpsþjónusta	1.838	1.673	165	9,9%
Vörusala	472	449	23	5,1%
Annað	230	322	-92	-28,6%
Samtals	6.298	6.093	205	3,4%





Rekstur 1F 2023

Fjárfestingar í sjónvarpsefni skila tekjuvexti

- Rekstrartekjur félagsins jukust um 205 m.kr. (3,4%) á milli ára
 - Sé horft fram hjá framlegðarlausum einskiptisliðum (einkum sölu á fjarskiptabúnaði til Mílu) á 1F 2022 jukust tekjur Símans um 315 m.kr. (5,2%)
 - Stöðugur vöxtur í kjarnaþjónustu Símans, mest í sjónvarpsþjónustu, eða tæplega 10%
- Rekstrargjöld án afskrifta aukast um 4,5% á milli ára
 - Launakostnaður eykst um 110 m.kr. eða 10% sem skýrist meðal annars af starfslokakostnaði á 1F 2023
 - Lítilsháttar fækkun er á stöðugildum á milli ára sem nær þó ekki að fullu að vega upp á móti launahækkunum
- Í kjölfar sölu Mílu stækkar hluti þess kostnaðar Símans sem er bundinn í langtímasamningum
 - Samningur við Mílu að hluta til verðtryggður en með þaki á hækkun vísitölu
- Afskriftir aukast um 245 m.kr. á milli ára
 - Skýrist einkum af sýningarrétti af ensku úrvalsdeildinni og nýgerðum samningi við HBO
 - Sýningarréttir eru almennt afskrifaðir á 2 árum en sýningarréttur af ensku úrvalsdeildinni er afskrifaður á 3 árum
- Veiking krónu er að meðaltali 11% gagnvart USD og 6% gagnvart EUR setur þrýsting á kostnað og fjárfestingar
 - Um 15% gjalda er í erlendri mynt en aðeins um 3% af tekjum
- Um fjórðungur vaxtatekna samstæðunnar tengist útlánastarfsemi
- Lán Símans eru með fljótandi vöxtum



Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	31.03.2023	31.12.2022
Rekstrarfjármunir.....	2.524	2.466
Leigugæðir.....	892	941
Óefnislegar eignir.....	21.871	22.122
Aðrar eignir.....	544	580
Fastafjármunir	25.831	26.109
Birgðir.....	1.172	1.212
Viðskiptakröfur.....	2.042	2.045
Útlán.....	1.652	1.359
Aðrar skammtímakröfur.....	1.442	1.048
Verðbréf færð á gangvirði.....	0	15.687
Handbært fé.....	1.832	3.721
Veltufjármunir	8.140	25.072
Eignir alls	33.971	51.181

Skuldir og eigið fé	31.03.2023	31.12.2022
Eigið fé.....	18.785	35.261
Eigið fé	18.785	35.261
Skuldabréfalán.....	5.960	5.956
Leiguskuldbinding.....	679	731
Viðskiptaskuldir.....	0	639
Tekjuskattsskuldbinding.....	154	89
Langtímaskuldir	6.793	7.415
Skammtímalán.....	1.929	1.929
Viðskiptaskuldir.....	4.578	4.788
Næsta árs afborgun.....	257	251
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.629	1.537
Skammtímaskuldir	8.393	8.505
Skuldir og eigið fé alls	33.971	51.181


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánnum




Eiginfjárhlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár*





Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	1F 2023	1F 2022
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður ársins.....	318	574
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir.....	997	753
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	(4)
	<u>1.315</u>	<u>1.323</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....	(145)	313
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.170	1.636
Nettó greiddir vextir.....	118	(25)
Greiddir skattar.....	(158)	(139)
Handbært fé frá rekstri	1.130	1.472
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(1.616)	(255)
Aðrar fjárfestingahreyfingar.....	(266)	33
Sala á verðbréfi.....	15.685	0
Fjárfestingahreyfingar	13.803	(222)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður.....	(499)	0
Viðskipti með eigin bréf.....	(643)	(930)
Útgreitt hlutafé.....	(15.580)	0
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(63)	(46)
Nettó breyting á lánum.....	0	(18)
Fjármögnunarhreyfingar	(16.785)	(994)
Breytingar á handbæru fé.....	(1.852)	256
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	(37)	(6)
Handbært fé í upphafi árs.....	3.721	3.509
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>1.832</u>	<u>3.759</u>

Efnahagur og sjóðstreymi



- Þann 29. janúar sl. var gengið frá sölu á skuldabréfi sem Síminn fékk sem hluta að söluandvirði Mílu á síðasta ári
 - Söluandvirði bréfsins var greitt til Símans þann 14. febrúar sl.
- Alls voru greiddar 16,2 ma.kr. til hluthafa þann 31. mars
 - 15,7 ma.kr. hlutafjárلækkun og 500 m.kr. arðgreiðsla
- Síminn hefur nú skilað 47,2 ma.kr. til hluthafa vegna sölu Mílu og mun efnahagsreikningur ekki taka frekari breytingum í tengslum við söluna
- Eiginfjárhlutfall er 55% eftir lækkun hlutafjár
- Lækkun á handbæru fé tengist háum greiðslum vegna sýningarrétta og arðgreiðslu á fjórðungnum
- Vaxtatekjur eru óvenju háar sem skýrist af 15,7 ma.kr. söluandvirði skuldabréfs sem var ávaxtað 14. febrúar – 31. mars



Fjárfestingar



Fjárfestingar





Um starfsemina




Bætt vöruframboð sem nær til stærri markhóps

- Síminn setti Heimilispakkann á markað haustið 2015
 - Pakki sem inniheldur internet, heimasíma, sjónvarpsþjónustu og Sjónvarp Símans Premium
 - Heimilispakkinn hefur verið flaggskip Símans undanfarin ár og verður það áfram
- Fjölbreyttara úrval af fjarskiptapökkum sem henta fleirum
 - Þægilegi pakinn er minni útgáfa af Heimilispakkanum þar sem bætt hefur verið við tveimur endalausum farsímaáskriftum
 - Einfaldi pakinn er svo enn minni þar sem í boði er endalaust net og ein endalaus farsímaáskrift
 - 5G net hentar svo á þeim stöðum þar sem ljósleiðari er ekki í boði en krafa er um háhraða nettengingu
- Nýju pakkarnir hafa fengið góðar móttökur fyrstu vikurnar frá því byrjað var að bjóða upp á þá


ÞÆGILEGI pakinn





Útlán Símans Pay halda áfram að aukast

- Útlán Símans Pay tvíþætt
 - Útlánastarfsemi Símans Pay hófst árið 2019 með **Léttkaupum** þar sem viðskiptavinir geta skipt greiðslum á stórum sem smáum hlutum niður í mánaðarlegar greiðslur
 - Haustið 2022 bættist **Léttkortið** við og með því býðst viðskiptavinum sveigjanlegar greiðslur þar sem viðskiptavinir greiða niður neyslu sína á eigin hraða á öllum þeim stöðum í heiminum sem taka við Mastercard
- Móttökur á Léttkorti hafa verið góðar
 - Vöxtur undanfarið dreginn áfram af lánnum vegna Léttkorta og samdráttur er í útlánnum vegna Léttkaupa
 - Þriðjungur útlána í lok 1F 2023 er vegna Léttkorta og fer það hlutfall hratt vaxandi
- Mikil vörupróun í gangi hjá félaginu og nýjungar kynntar á næstu mánuðum





Nýtt efni í Sjónvarpi Símans nýtur mikilla vinsælda

- Met slegið í fjölda spilana í Sjónvarpi Símans
 - Aukið framboð á efni í Sjónvarpi Símans
 - HBO
 - Íslenskt barnaefni
 - Íslenskt efni
 - 25% aukning í fjölda spilana á milli ára
 - Fjöldi spilana í fyrsta skipti yfir 5 milljónir í janúar 2023 – Gefur fyrirheit um tekjuaukningu
- 5G uppbygging heldur áfram
 - 5G sendir númer 100 settur upp nýlega
 - Bæði nýir staðir og þétting á höfuðborgarsvæðinu og þéttbýliskjörnum víða um landið
 - Samhliða verið að uppfæra 4G senda sem tryggja aukin afköst og aukna drægni
 - Nýjustu 5G sendana má t.d. finna á Dalvík, í Grindavík, Hellu, Hvolsvelli, Keflavík, Selfossi og á Tálknafirði






Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 14.4.2023	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	16,62%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	264.541.439	9,53%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	229.277.518	8,26%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	198.577.095	7,16%
Íslandsbanki hf,safnskráning 2	165.358.279	5,96%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	5,39%
Stapi lífeyrissjóður	113.244.479	4,08%
Birta lífeyrissjóður	112.061.037	4,04%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	99.830.504	3,60%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	79.536.152	2,87%
10 stærstu hluthafar	1.873.066.758	67,50%
Aðrir hluthafar	873.184.575	31,47%
Samtals útstandandi hlutir	2.746.251.333	98,96%
Eigin bréf	28.748.667	1,04%
Heildarhlutafé	2.775.000.000	100%



Hluthafar

- Arður, endurkaup og lækkun hlutafjár
 - Greiddur var tæplega 500 m.kr. arður 31. mars 2023
 - Sama dag var hlutafé félagsins lækkað um 1.440 m.kr. með 15,7 ma.kr. greiðslu til hluthafa
 - Þann 21. mars var tilkynnt um framkvæmd endurkaupaáætlunar í samræmi við ákvörðun aðalfundar og hófust endurkaup sama dag
 - Endurkaup á 1F 2023 námu samtals 644 m.kr., þar af 97 m.kr. vegna endurkaupa sem tilkynnt var um í mars 2023
- Hluthafar voru 1.134 í lok 1F 2023
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 5,6% það sem af er ári en lækkað um 11,0% undanfarna 12 mánuði




Horfur 2023



Afkomuspá fyrir árið 2023

- Síminn hefur gert breytingar á vöruframboði sem væntingar eru um að skili meiri tekjuaukningu á árinu en raunin hefur verið á undanförnum árum
- Kostnaðarþrýstingur í rekstrarumhverfinu er mikill
 - Tekið hefur verið tillit til hárrar verðbólgu í áætlun félagsins
 - Komi til frekari gengisveikingar þá setur það eðlilega þrýsting á rekstur og fjárfestingar
- Á þessum tímamarki er ekkert sem bendir til annars en að félagið skili afkomu á árinu sem er í takti við birta afkomuspá
- Fjárfestingar á 1F háar vegna fjárfestinga í sýningarréttum
 - Endurspeglar ekki fjárfestingar út árið



* Án kostnaðar vegna tíðnileyfa í farsíma



Viðaukar



Lýsing starfsþátta

- **Farsími:** Farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
- **Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónustu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
- **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
- **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
- **Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.



Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

